



**Verkkaupi: Ísafjarðarbær**

**Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins**

# **Ofanflóðavarnir á Ísafirði**

**Aurvarnargarður ofan Hjallavegar, áfangi 2**

**FRAMVINDUSKÝRSLA  
FYRIR JÚLÍ og ÁGÚST 2017**



## EFNISYFIRLIT

1.	Yfirlit yfir verkið.....	1
2.	Framkvæmdir .....	1
3.	Staða verks miðað við áætlun.....	2
4.	Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar .....	2
5.	Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum.....	2
6.	Fyrirsjáanlegar breytingar .....	3
7.	Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna.....	3
8.	Yfirlit um eftirlit.....	3
9.	Upplýsingar um veðurfar.....	3

### 1. Yfirlit yfir verkið

Verkið felst í seinni áfanga í byggingu aurflóðavarnargarðs ofan Hjallavegar og nyrsta hluta Urðarvegar á Ísafirði. Um er að ræða u.þ.b. 650 m langan aurvarnargarð og samsvarandi flóðafarveg ofan hans. Í fyrri áfanga, árið 2011, var nyðri hluti garðsins formaður og eru nú um 170m eftir af gerð hans. Þó á enn eftir að gera stóran hluta af farveginum í nyðri hlutanum. Í verkinu felst einnig að leggja um 570 m langan vegslóða eftir botni flóðafarvegar og meðfram vegslóðanum skal gera lækjarfarveg. Jafnframt lagning um 170m af göngustígum sem eftir er að leggja, mótun skeringa flóðmegin við garða og frágangur. Jafna skal öll röskuð svæði og sá í þau.

Verkkaupi:	Ísafjarðarbær
Umsjón og eftirlit verkkaupa:	Framkvæmdasýsla ríkisins, Hafsteinn Steinarsson verkefnisstjóri. Daglegt eftirlit, Sveinn D K Lyngmo hjá Tækniþjónustu Vestfjarða.
Verkhönnun:	Efla verkfræðistofa.
Landslagshönnun:	Teiknistofan Eik/Verkís verkfræðistofa
Verktaki:	Kubbur ehf., Sigurður Óskarsson verkefnisstjóri.

### 2. Framkvæmdir

Vinna á verkstað hófst 24. maí. Gerður var varnargarður á tippsvæði í Grænararðsnámu og flutt efni úr skeringu á tipp og sett þurrt efni í varnargarðinn jöfnum höndum. Unnið í bráðabirgðavegum. Verktaki stöðvaði verkið 30. maí vegna rigninga og byrjaði aftur 12. júní.

Júlí – ágúst 2017. Unnið var að flutningi efnis úr skeringu. Efnið var flutt í garðinn og umframefni ekið á tipp í Grænararðsnámu. Þegar 250 mm PE vatnslögn sem þverar skeringuna var grafin fram, reyndist nauðsynlegt að lækka hana. Grafið var frá vatnslögninni og henni komið undir skeringuna. Frágangi er að mestu lokið. Lokið var við mótun á fláum í skeringu og fláum á varnargarðinum. Settur var brunnur ofan á lofttæmingu á vatnslögn. Komið var fyrir burðarfyllingu í vegslóða á botni flóðfarvegar og lokið við mótun lækjarfarvegs að stöð ca. 500.

### 3. Staða verks miðað við áætlun

Staða verksins er góð samanborið áætlun. Verkiðir sem eru á undan áætlun eru:

- 1) Land án gróðurlags: Verkið átti að byrja 29. september og standa yfir þar til 6. október. Verkinu er að mestu lokið.
- 2) Mótun lækjarfarvegs: Verkið átti að byrja 1. október og því á að ljúka 20. október. Verkið er byrjað og búið að móta lækjarfarveg að stöð ca. 500.

Samkomulag er við verktaka um að tafabótarákvæði í verksamningi verði ekki beitt þó svo verktaki nái ekki að fullgera verkið fyrir 31. október 2017 vegna ófyrirséðra tafa við gerð vegslóða í botni skeringar, gerð rofavarnar meðfram vegslóðanum og jöfnun tippsvæða í Grænagarðsnámu.

### 4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar

#### Greiðslustaða verksins, verksamningsgreiðslur

Dags. áætl.	Áætlun verktaka þús. kr.	Upps. Áætlun þús. kr.	Áætlun verktaka %	Reikn. nr.	Dags. verkstöðu	Upphæð reiknings kr.	Greiðslur samtals kr.	Staða verks %
19.5-2.6	5.214	5.214	8,8					
3.6-16.6	6.045	11.259	18,9	1	7.6.2017	4.033.974	4.033.974	6,8
17.6-30.6	11.178	22.437	37,7	2	22.6.2017	7.757.431	11.791.405	19,8
1.7-14.7	11.178	33.615	56,5	3	12.7.2017	11.998.526	23.789.931	40,0
15.7-28.7	6.139	39.754	66,8	4	25.7.2017	9.934.134	33.724.065	56,7
29.7-11.8	1.840	41.594	69,9	5	16.8.2017	9.158.304	42.882.369	72,0
12.8-25.8	3.669	45.263	76,0	6	30.8.2017	6.836.812	49.719.181	83,5
26.8-8.9	2.830	48.093	80,8					
9.9-22.9	3.759	51.852	87,1					
23.9-6.10	3.049	54.901	92,2					
7.10-20.10	3.358	58.259	97,9					
21.10-31.10	1.2070	59.529	100					
Samtals	59.529					49.719.181		

### 5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum

- Aukaverk nr. 1. Grafa niður á vatnslögn til að finna stefnu hennar kr. 54.141.  
 Aukaverk nr. 2. Hreinsa frá ræsum undir Hnífsdalsveg og opna ræsin kr. 65.472.  
 Aukaverk nr. 3. Setja 1000 mm brunn á lofttæmingu vatnslagnar kr. 474.430.  
 Aukaverk nr. 4. Fleyga/sprengja stóra steina 200 m<sup>3</sup> kr.1.140.000.  
 Aukaverk nr. 5. Lækka vatnslögn í skeringu kr. Tímavinna.  
 Aukaverk nr. 6. Viðbótargreiðsla fyrir gerð bráðabirgðavega í skeringu kr. 7.470.000.  
 Aukaverk nr. 7. Viðbótargreiðsla fyrir flutning úr skeringu kr. 4.327.564.  
 Aukaverk nr. 8. Víkka vatnstrás milli garða 5 og 4a. Tímavinna.  
 Aukaverk nr. 9. Fylla í fláa í vegna hruns þegar vatnslögn var lækkuð. Tímavinna.

Viðbótarverk nr. 1. Skering og rofavörn í enda að Hnífsdalsvegi. Tilboðsverð verktaka kr. 1.720.098.

## 6. Fyrirsjáanlegar breytingar

Ekki eru fyrirsjáanlegar aðrar breytingar á verkinu en fram hafa komið.

## 7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir í tengslum við verkið.

## 8. Yfirlit um eftirlit

Eftirlit sér um samskipti á verkstað á framkvæmdatíma milli hönnuða, verkefnisstjóra og verktaka. Verkfundir eru haldnir með u.þ.b. 2 vikna millibili og haldnir hafa verið 2 formlegir verkfundir frá verkbyrjun. Eftirlit hefur ritað fundargerðir vegna þessa og dreift þeim til viðkomandi aðila.

## 9. Upplýsingar um veðurfar

Veður var fremur óhagstætt í upphafi framkvæmdatímans vegna þrálátra rigninga en hefur síðan verið gott til framkvæmda og ekki hamlað framkvæmdum á nokkurn hátt.

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á netfangið [abendingar@fsr.is](mailto:abendingar@fsr.is).

Reykjavík 26. september 2017

Hafsteinn Steinarsson  
Verkefnastjóri FSR